

Ár 1973, mánudaginn 29. október, var í málinu nr. 31/1973 kveðinn upp af Vírifasteignamatsefnd svohljóðandi

#### Á r s k u r ð u r i

Málavertir eru þeir, að Reykjavíkurborg hefur lagt fasteignaskatt á fasteignina nr. 68 við Háaleitisbraut í Reykjavík, en þar er um að ræða tvöggja hæða verzlunar- og skrifstofuhús. Félag íslenskra atvinnuflugmanna á hluta II. hæðar hússins, og er hlúti þessi talinn 3,31% fasteignarinnar í heild. Með bréfi, dags. 12. október 1973, fór félagið þess á leit við borgaryfirvöld, að fasteignaskattur af nefndum eignarhluta félagsins í fasteigninni Háaleitisbraut 68 yrði felldur niður, en þeirri beiðni var hafnað. Hefur félagið síðan skotið málinu til Úrskurðar Vírifasteignamatsefndar með bréfi, dags. 17. apríl 1973. Er því haldið fram af þessu hálfu, að nefndur hlúti félagsins sé undanþegin fasteignaskatti samkvæmt 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga og 6. gr. reglug. nr. 320/1972 um fasteignaskatt.

Af hálfu kveðna er á það bent, að ofangreint húsnæði sé notað sem félagsheimili, þar sem þar fari fram hvers konar fundar- atvörf félagsmanna og fræðslustarisemi fyrir þá, og ekki sé um neina rekstur í ágóðaskyni að ræða. Félag íslenskra atvinnuflugmanna sé verkafélagsfélag bæði í skilningi laga nr. 80/1939 og laga nr. 107/1970. Húsnæði, sem slíkt félag eigi og noti til fundarhalda eða annarrar félagsstarisemi, teljist félagsheimili í skilningi laga nr. 107/1970, en nærlagt sé að taka nið af þeim lögum við skýringu á undanþáguákvæðum fyrrgreindra laga um fasteignaskatt, sem undanþiggi félagsheimili fasteignaskatti. Nánari upplýsingar og rökstuðningur er í fyrrgreindu bréfi kveðna frá 17. apríl 1973.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga og 6. gr. reglug. nr. 320/1972 um fasteignaskatt eru undantekningar- ákvæði, sem skýra verður þröngt. Til félagsheimila í skilningi nefndra ákvæða, verða þannig sýna talin samkomuhús, er hafa verið reist og hlutið viðurkenningu með þeim hætti, sem ráð er fyrir gert í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 107/1970 um félagsheimili, sbr. áður 2. og 3. gr. laga nr. 77/1947 ásamt síðari broytingum. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, fullnægir umrædd húsnæði ekki þessu skilyrði, og breytur því lagaheimild fyrir undanþágu frá fasteignaskatti.

Þ R E S K U R Ð A R Ö R Ð :

Þólagi félenskra stvinnuflugmannna er skylt að svara einst-  
eignachatti af kastaðigninni nr. 65 við Háaloitissbraut í  
Reykjavík.

Gentur Jörundsson

Torfi Ásgeirsson

Pállur Jónsson

Rétt afrit staðfest.

Reykjavík, 29. október 1973.

YFIRLIT Á KASTAÐIGNI